

75. fundur dómara nefndar

Fundur settur kl 17:25

Mætt: Viktoría Gísladóttir, Sigurður Óli Guðmundsson, Björn Valdimarsson, Hilmar Örn Jónasson, og Ingibjörg Ýr Pálmadóttir.

Fjarverandi: Bryndís Sigurðardóttir, Hilmar Theodór Björgvinsson og Lilja Björnsdóttir.

Sigurði Óla Guðmundssyni, yfirdómara, var þakkað fyrir endurmenntunarnámskeiðið sem haldið var fyrir sunddómara í Laugardalslaug á milli mótshluta 5 og 6 á NM25 um nýliðna helgi.

Rætt var um jólamótin hjá sundfélögunum sem fram fara á næstu dögum. Þeirri spurningu varpað fram hvort þau ættu að sameinast um þessi mót.

Það gekk þokkalega að manna ÍM25 og ÍM25 IPC, þó var enginn mótshluti fullmannaður. Mótin voru haldin helgina 17. – 19. nóvember síðastliðinn.

Á NM50 IPC gekk ágætlega að manna í dómara stöður, mótið var keyrt á sex brautum.

Á NM25 sem haldið var um nýliðna helgi voru 43 dómara skráðir til þátttöku og lögðu þeir mismikið af mörkum. Sumir dæmdu á öllum hlutum en aðrir minna.

Notaðar voru skeiðklukkur á NM um helgina. Tímar sem brautardómara startmegin skráðu voru þriðji mælanlegi tíminn á hverri braut. Þetta er í fyrsta skiptið í nokkurn tíma sem þetta er gert í stóru laugunum. Almennt gekk vel að nota skeiðklukkurnar þó einhverjir hnökrar væru á. Heilt yfir tókst mótið mjög vel og mikil ánægja var með það.

Erindi barst frá skrifstofu SSÍ um beiðni um alþjóðlegan sunddómara til Buenos Aires á Junior World Championships 2018 (Youth Olympic Games 2018). Þar er aldurshámark sunddómara. Hann þarf að vera fæddur 1973 eða seinna. Dómara nefndin hefur engan ungan alþjóðlegan yfirdómara á lista hjá sér.

Fræðslunefnd SSÍ hefur sent beiðni til dómara nefndar um að halda dómara námskeið á Eskifirði í mars 2018. Sjálfsagt er að verða við því.

Í tali á milli dómara hefur komið upp sú umræða að haldin séu mót víða um land án þess að störfum dómara á þeim sé skilað inn til dómara nefndar. Bent er á að sýna þurfi þeim sundmönnum sem eru að keppa virðingu og halda lögleg mót svo þeir fái tíma sína metna og skráða. Það sama á við um sunddómara sem dæma á þessum mótum.

Umfjöllun var um nýjasta lista virkra sunddómara.

Ingibjörg Ýr Pálmadóttir hefur beðið um leyfi frá störfum í dómara nefndinni.

Fundi slitið kl. 18:55.